

Dalabyggð
Pórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 8. maí 2019

Tilvísun: 201904046 / 3.2

Efni: Vindorkuver að Hróðnýjarstöðum og í landi Sólheima, umsögn um lýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi

Dalabyggð hefur, með erindum dags. 11. apríl 2019 og 24. apríl 2019, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um tvær lýsingar fyrir breytingar á aðalskipulagi, annars vegar dags. 25. mars 2019 vegna Hróðnýjarstaða og hins vegar dags. 29. mars 2019 vegna Sólheima, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagsbreytinga er að breyta landbúnaðarsvæði að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum í Laxárdal í iðnaðarsvæði fyrir vindorkunýtingu. Á hvorri jörð er um að ræða allt að 400 ha lands þar sem jafnframt verði áfram heimilt að stunda landbúnað.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir lýsingarnar og bendir sveitarfélaginu á að skoða eftirfarandi:

Stefna Dalabyggðar um vindorkunýtingu og valkostir um fyrirkomulag hennar

Í lýsingu vegna Hróðnýjarstaða kemur fram að unnið sé að útfærslu vindorkugarðs með áætluðu uppsettu afli allt að 130 MW með allt að 40 vindmyllum sem geti verið 120 m háar miðað við miðju hverfils og að spaðar í efstu stöðu rísi í allt að 180 m hæð.

Vindorkuverið á Sólheimum er áætlað með allt að 150 MW uppsettu afli og allt að 30 vindmyllum sem geti náði í allt að 180 m hæð með spaða í efstu stöðu samkvæmt lýsingunni.

Í köflum 2.3.4 (Hróðnýjarstaðir) og 3.4 (Sólheimar) kemur síðan fram að Dalabyggð hafi látið útbúa yfirlit yfir helstu skilmála og gátlista yfir þau meginatriði sem leggja skuli til grundvallar við mat á svæðum fyrir vindorku: *Vindorka í Dalabyggð, stefnumótun og heildarúttekt (dags. 18. júní 2018)*. Í lýsingunum er birt tafla úr stefnumótuninni með viðmiðum sem horfa skuli til, svo sem um stærð vindorkuvers, fjölda og hæð vindmylla (merkt tafla 1 í báðum lýsingum). Í þessari töflu, og víðar framangreindri stefnumörkun, virðist gert ráð fyrir lægri vindmyllum, eða ekki hærri en 90 m upp í turn og 150 m í efstu stöðu. Jafnframt er í stefnunni mælt til þess að vindmyllur af þeirri stærð séu í a.m.k. 2 km fjarlægð frá íbúðarbyggð og frístundahúsasvæðum. Þetta vekur spurningu um hvaða vægi stefnu sveitarstjórnar um vindorku í Dalabyggð sem kynnt er í lýsingu hafi á mótun stefnu um vindorku í aðalskipulagi og þarf að skýra. Frávik frá stefnunni gefa jafnframt tilefni til þess að skoða betur valkosti um umfang, hæð vindmylla og staðsetningu m.t.t. verndarsvæða og fjarlægðar frá byggð.

Þrátt fyrir sveitarfélagið hafi samþykkt að ráðast í gerð lýsingar vegna tveggja vindorkuvera er í hvorugri lýsingunni vikið að því hversu ákjósanlegt sé að reisa tvö vindorkuver í grennd hvors annars m.t.t. umhverfisáhrifa eða möguleika á orkuflutningi né lagt til að metin verði möguleg

samlegðaráhrif vindorkuveranna á umhverfið. Í lýsingu vegna Sólheima er þó opnað á þann möguleika, sbr. kafli 7.2, að breytingar á aðalskipulagi fyrir vindorkuver að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum verði unnar samtímis.

Skipulagsstofnun hvetur Dalabyggð til að vinna að framangreindum breytingum á heildstæðan hátt og samhliða móta almenna stefnu í aðalskipulagi um vindorkunýtingu í sveitarfélaginu, ekki eingöngu stefnu um tiltekin vindorkuverk. Það felur í sér að skoða hvernig hægt er að mæta eftirspurn eða óskum landeigenda um að reisa vindorkuver, m.a. með samanburði á raunhæfum valkostum um stefnu sem lýtur að fyrirkomulagi og umfangi vindorkunýtingar í sveitarfélaginu. Samhliða þarf að skoða heilstætt mögulegar tengingar við flutningskerfi raforku og flutningsgetu núverandi lína með það fyrir augum hvort vindorkunýting sé háð frekari uppbyggingu á flutningskerfinu.

Skipulagsstofnun mælir jafnframt með því að skipulagsáformum vegna vindorkunýtingar af því umfangi sem lagt er til í lýsingunum verði vísað í heildarendurskoðun aðalskipulags, meðal annars m.t.t samlegðaráhrifa. Bent er á að eiginlegar framkvæmdir við byggingu vindorkuvers geta ekki hafist fyrr en að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Þá gæti verið tilefni til að fjalla um vindorkunýtingu á vettvangi svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, í ljósi þess að einnig er hafið er ferli við mat á umhverfisáhrifum (tillaga að matsáætlun í kynningu) vegna vindorkugarðs í Garpsdal í Reykhólahreppi.

Standi vilji sveitarfélagsins til þess að vinna áfram með framangreindar lýsingar, án þess að endurskoða aðalskipulagið í heild sinni, bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi atriði sem þarf að fjalla um eða skoða nánar við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

Samræmi við aðrar áætlanir

Í kafla 2.3.1-1.3.3 í lýsingunni fyrir Hróðnýjarstaði (sambærilegir kaflar í lýsingu fyrir Sólheima) eru tekin upp markmið úr Landsskipulagsstefnu 2015-2026, Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 og aðalskipulagi Dalabyggðar. Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi þarf að gera grein fyrir því hvernig tillagan samræmist markmiðum framangreindrar stefnu og áætlana m.a. hvað varðar nýtingu landbúnaðarlands og verndun votlendis svo dæmi séu tekin. Minnt er á að flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun skal lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum eins og kemur fram í gr. 2.2.1 og 2.2.2 í landsskipulagsstefnu.

Gera þarf grein fyrir tengslum skipulagsbreytingarinnar við áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) þar sem um er að ræða orkuframleiðslu yfir 10 MW, fjalla um Kerfisáætlun Landsnets og eftir því sem við á stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og byggðaáætlun.

Bent er á að stjórnvöld vinna nú að mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland, í samræmi við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem byggir á áætlaðri orkuþörf til langs tíma miðað við stefnu stjórnvalda til að mynda um orkuskipti og hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf. Nýverið lauk kynningu á drögum að orkustefnu 1. áfanga á samráðsgátt stjórnvalda og hvetur Skipulagsstofnun til þess að sveitarfélagið fylgist náið með mótun langtímaorkustefnunnar við mótun eigin stefnu um vindorkunýtingu.

Umhverfismat

Í fjórða kafla lýsingar vegna Hróðnýjarstaða er gert grein fyrir því hvernig staðið verður að umhverfismati fyrirhugaðrar skipulagstillögu. Samkvæmt lýsingunni virðist ekki fyrirhugað að leggja fram aðra valkosti enn hámarks umfang vindorkunýtingar til samanburðar við óbreytta landnotkun, það er landbúnað og sauðfjárbúskap. Skipulagsstofnun bendir á að tilefni er til þess að sveitarfélagið, í samstarfi við landeiganda, skoði og greini frá því hvaða aðrir valkostir eða útfærslur geti komið til álita og meta og bera saman áhrif þeirra á umhverfið.

Kynningu á tillögu að matsáætlun 80-130 MW vindorkugarðs að Hróðnýjarstöðum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er nýlokið þar sem leitað var álitss umsagnaraðila og leyfisveitenda auk þess sem almenningi var gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir. Þegar úrvinnslu athugasemda er lokið tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlun, með eða án athugasemda. Matsáætlun er fyrsti áfanginn í mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun beinir því til Dalabyggðar að nýta þá umhverfismatsvinnu sem áformað er að ráðist vegna Hróðnýjarstaða með því að vinna samhliða að mótun skipulagstillögunnar og umhverfismat hennar og með því leggja grunn að endanlegri ákvörðun um vindorkunýtingu á jörðinni. Það gildir m.a. um hvaða umhverfispættir verði metnir og hvaða gögn og rannsóknir verða lögð til grundvallar greiningu á núverandi stöðu og leggja mat á líkleg áhrif uppbyggingar vindorkuvers og tengdum framkvæmdum. Gera þarf grein fyrir umhverfisviðmiðum sem lögð eru til grundvallar mati á áhrifum og skýra frá vægi og einkennum áhrifa, þ.m.t. samlegðaráhrifum með vindorkuveri í landi Sólheima. Í kafla 4.2 segir að umhverfismatið muni byggja á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis en það getur ekki átt við í þessu tilviki þar sem væntanlega þarf að gera rannsóknir á vindafari og fuglalífi og útbúa sýnileikakort sem sýna ásjón skipulagssvæðisins eða sjónræn áhrif í mismunandi fjarlægð og frá ólíkum sjónarhornum, svo dæmi séu tekin.

Það sama gildir um umhverfismat fyrir vindorkunýtingu á Sólheimum og gera þarf sömu kröfur um gögn, upplýsingar og mat á umhverfisáhrifum við mótun stefnu um vindorkuver á Sólheimum og að Hróðnýjarstöðum, þó að vinna við mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum sé ekki hafin. Sérstaklega er mikilvægt að leggja mat á samlegðaráhrif beggja áforma t.d. á landslag, óbyggð víðerni, fugla og votlendi. Miðað við framlögð gögn er jörðin á Sólheimum að einhverju leyti viðkvæmara svæði m.t.t. náttúrufars og verndarsjónarmiða. Þar er um að ræða Laxárdalsheiði sem er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi og því mikilvægt að leggja mat á áhrif á fuglalíf.

Gera þarf grein fyrir skerðingu á votlendi og ekki síst votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt lögnum ber að forðast að raska slíku votlendi nema brýna nauðsyn beri til. Fjalla þarf um skipulagstillöguna með hliðsjón af ákvæðum laga um náttúruvernd og skýra hvaða hagsmunir samfélagsins skapi brýna nauðsyn á að reisa vindorkuver á slíkum svæðum.

Framsetning breytingar

Áformaðar vindmyllur eru umfangsmikil mannvirki og geta verið áberandi í landslaginu. Því mælir Skipulagsstofnun með því að í skipulagsgögnum og við kynningu á valkostum verði birt kort og yfirlitsmyndir, svo sem sýnileikakort með og án vindorkuvers. Einnig kort sem sýna mörk svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruverndarsvæðis skv. lögum um náttúruvernd, Laxárdalsheiði, og áhrif fyrirhugaðs vindorkuvers á óbyggð víðerni eins og þau eru skilgreind í náttúruverndarlögum.

Stofnunin bendir á að merkja þarf skipulagsgögnin sveitarfélaginu með skýrum hætti auk þess sem í skipulagstillögu á ekki við að birta blaðsíðu úr verkefnabókhalda Eflu verkfræðistofnu þó svo að Efla sé ráðgjafi sveitarfélagsins við gerð tillögunnar.

Kynning og samráð

Í kafla 5.1 er listi yfir þá sem leitað verður samráðs við á vinnslutíma aðalskipulagsbreytingarinnar. Skipulagsstofnun bendir á að leita umsagnar Veðurstofnu Íslands, Samgöngustofnu (vegna flugöryggis og þörf fyrir ljósabúnað), Landsnets og Orkustofnunar. Mælt er með því að leita eftir afstöðu íbúa og ferðaþjónustuaðila við mótun skipulagstillögunnar, svo sem með viðhorfskönnun

og einnig vekja athygli frjálstra félagasamtaka á skipulagsáformunum t.d. Landverndar og Fuglaverndar.

Í kaflanum segir að á vinnslutíma verði aðalskipulagsbreytingin kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn. Skipulagsstofnun bendir á að mótun stefnu í aðalskipulagi er á ábyrgð sveitarstjórnar og því ekki við hæfi að taka svona til orða. Ennfremur hvetur Skipulagsstofnun til þess að íbúum og öðrum hagsmunaaðilum verði tryggð rík aðkoma að mótun skipulagstillögunnar.



Birna Björk Árnadóttir